

Styrkþegi: Sjálandsskóli
Verkefnisstjóri: Edda Björg Sigurðardóttir



Kennslustunda- og félagarýni

Skólaárið 2015-2016

Ábyrgðarskóli verkefni: Sjálalandskóli

Þáttakendur: Kennarar á öllum skólastigum sem óskuðu eftir að vera þátttakendur

Verkefnisstjórar: Edda Björg Sigurðardóttir

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Markmið verkefnisins er að festa í menningu skólans markvisst félaga- og kennslustundarýni. Með félagarýni vinna kennarar náið saman, læra hver af öðrum auk þess sem það leiðir til meiri samfellu á milli skólastiga. Rannsóknir sýna að kennarar sem taka þátt í félagarýni verða betri fagmenn, ánægðari í starfi og endast lengur í faginu. Með kennslustundarýni komast stjórnendur nær skólastarfinu og getur betur stutt og eflt kennarann. Auk þess er auðveldara að fylgja eftir þróunarvinnu, áherslum t.d. skv. innra- og ytra mati auk þess er líklegra að allir starfi eftir hugmyndafræði skólans.

Þróunarverkefnið er unnið í framhaldi af M.Ed. rannsókn ábyrgðarmanns.

Markmið verkefnisins:

Markmið verkefnisins er að festa í menningu skólans markvisst félaga- og kennslustundarýni. Með félagarýni vinna kennarar náið saman, læra hver af öðrum auk þess sem það leiðir til meiri samfellu á milli skólastiga. Rannsóknir sýna að kennarar sem taka þátt í félagarýni verða betri fagmenn, ánægðari í starfi og endast lengur í faginu. Með kennslustundarýni komast stjórnendur nær skólastarfinu og getur betur stutt og eflt kennarann. Auk þess er auðveldara að fylgja eftir þróunarvinnu, áherslum t.d. skv. innra- og ytra mati auk þess er líklegra að allir starfi eftir hugmyndafræði skólans.

Þróunarverkefnið er unnið í framhaldi af M.Ed. rannsókn ábyrgðarmanns.

Lýsing á framgangi verkefnisins:

September 2015: Edda Björg Sigurðardóttir verkefnisstjóri/skólastjóri hélt fyrirlestur um kennslustunda- og félagarýni. Verkefnið var kynnt, markmið þess og leiðir. Kennarar fengu einnig stutta kynningu um þjónandi forystu og á hugmyndafræði Sjálalandskóla. Kynnt var á fundinum matslisti sem stjórnendur mundu nota í þeirra rýni en hann var byggður á fyrri matslista sem búinn var til í samráði við kennara skólans í tengslum við M.Ed. rannsókn verkefnisstjórans. Kennurum var skipt upp í fjóra hópa sem áttu að svara fjórum spurningum:

1. Hvernig viljum við hafa kennslustundir í Sjálalandskóla?
2. Hvaða kosti teljum við skipta máli í fari kennara Sjálalandskóla?
3. Hvernig skólalmenningur viljum við skapa í Sjálalandskóla?
4. Hvað þarf skólinn að gera til að tryggja gæða skólastarf?

Matslistinn var uppfærður með hliðsjón af svörum kennara við spurningum 1 og 2 (sjá fylgiskjal 1)


Kennurum var boðið að taka þátt í félagarýni en það var fyrst og fremst hugsað sem rannsóknarrýni, þ.e. kennarar áttu að rannsaka tiltekið nám nemenda. Kennarar áttu að vinna tveir eða þrír saman þvert á kennarateymi í skólanum. Þannig unnu t.d. kennarar í unglínga- og yngsta stigi saman, og list- og verkgréinakennarar með umsjónarkennurum o.s.frv. Þátttakendur höfðu eina viku til að mynda saman vinnufélaga og tilkynna þátttöku. Þátttakendur voru 16 auk 2 stjórnenda. 12 kennarar náðu að ljúka við verkefnið. Þegar þátttaka hafði verið kynnt fengu kennarar send skjöl (dæmi um matslista og skýrslu) þar sem þeir áttu að tilgreina markmið o.fl. (sjá fylgiskjal 2. og 3.).

Okt. – nóv 2015. Edda skólastjóri fór í kennslustundir hjá öllum kennurum, þroskaþjálfum og leiðbeinendum og rýndi í kennslustundir sem voru 45 – 60 mínútur. Kennarar fengu að vita með góðum fyrirvara hvenær rýnið færi fram. Fundarboð var sent um leið fengu starfsmenn sendan matslista og samhliða var bókaður fundur með starfsmanninum þar sem kennslustundin var rædd og matslistinn notaður til hliðsjónar. Reynt var að hafa fundinn samdægurs eða í síðasta lagi daginn eftir. Þar var rætt þar sem vel var gert og einnig það sem betur hefði mátt fara. Á fundinum kom stjórnandinn gjarnan með tillögur og ábendingar sem ræddar voru.

Feb- maí 2016. Kennarar fóru í félagarýni. Hvert teymi skilaði skýrslu í lokin.

Feb – mars 2016. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri fór í kennslustundarýni hjá öllum kennurum, þroskaþjálfum og leiðbeinendum. Hvert rýni var 45 – 60 mínútur. Sent var fundarboð með matslista sem að þessu sinni var einnig tengdur við vinnumat kennara (sjá fylgiskjal 4). Eftir hvert rýni var starfsmaðurinn boðaður í árlegt starfsmannaviðtal. Ásamt matslistanum fengu kennarar sent undirbúningsblað vegna starfsmannaviðtalsins en þar var einnig stutt starfsmannakönnun þar sem þeir svöruðu m.a. upplifun sinni af kennslustundarýninu.

Í báðum umferðum af kennslustundrýninunum var stuðst við VAK – sem er vegvísir að kennslustundarýni (höfundur vegvísis er Edda B. Sigurðardóttir).



Mars 2016. Verkefnisstjóri/skólastjóri hitti þátttakendur í félagarýni þar sem farið var yfir tilgang og markmið félagarýnis. Þar ræddu þátttakendur hugmyndir sínar, hvað væri hægt að rýna og ræddu og fengu tillögur að rýni. Markmið félagarýnisins var að efla fagmennsku kennara og rannsaka nám nemenda.

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun:

Í upphafi var ráðgert að allir væru búnir að rýna í síðasta lagi 15. apríl 2016. Það náðist ekki hjá öllum og enn hafa nokkrir góðar hugmyndir sem þeir náðu ekki að koma í framkvæmd. Í upphafi áttu kennarar erfiðast með að áherslu félagarýnisins um að rannsaka nám nemenda og hvernig þeir lærðu. Það var tilhneyging til að vilja heldur skoða hvernig kennarar kenna. Það tókst þó á endanum en það reyndist nokkuð snúið að breyta þeirra í hugsun í upphafinu.

Mat á verkefninu (afrakstur, ávinningur fyrir skólastarf, óvæntar hliðarverkanir, vonbrigði o.s.frv.):

Verkefnið hefur tekist mjög vel. Gerð var skoðunarkönnun á meðal kennara hvernig þeir upplifðu það að fá stjórnendur í kennslustund til sín og rýna í hana. Það var samdóma álit allra kennara í Sjalandskóla að þeir töldu kennslustundarýni efla þá í starfi og allir þátttakendur töldu það eiga að vera hluta af skólamenningu Sjalandskóla. Þessar niðurstöður eru í samræmi við rannsóknir sem gerðar hafa verið á kennslustundarýni. Fyrir stjórnendur eru kennslustundarýni öflugt verkfæri til að vera faglegir leiðbeinendur og tækifæri til að fylgjast vel með skólastarfinu. Matslistinn er mikilvægt verkfæri til að efla hugmyndafræði skólans og fá faglegar umræður um skólastarfið.

Kynningar á verkefninu:

Verkefnið var kynnt fyrir starfsmönnum Sjálalandskóla. Þátttakendur í félagarýni kynntu niðurstöður sínar fyrir öðru fagfólki skólans.

Heildarupphæð styrks: 530.000

Sundurliðun á ráðstöfun styrksins:

Dagsetning	Kostnaðarliður	Upphæð
Júní 2016	Laun til þátttakenda/rannsakenda	462.000
Des 201	Flutt á verkefni félagarýni 2017-2018	68.000

dags. nafn verkefnisstjóra

dags. nafn skólastjóra ábyrgðarskóla